

5. bekkur 2020 - 2021

Umsjónarkennari: Halla Sigríður Bjarnadóttir

Heimastofa: Litlaland.

Í 5. bekk leggjum við mikla áherslu á samskipti og félagsfærni. Við leggjum okkur fram við að efla sjálfsmynd nemenda með jákvæðni, hvatningu og hrósi að leiðarljósi.

Kennslan beinist að því að hjálpa nemendum að tileinka sér þekkingu, leikni og jákvætt viðhorf og öðlast þannig þá hæfni sem stefnt er að í menntun.

Leitast er við að efla rökhugsun og gagnrýna hugsun nemenda sem og skapandi hugsun og lausnaleit. Nemendur þjálfast í að rökræða og rökstyðja mál sitt í ræðu og riti.

Við leggjum áherslu á einstaklingsmiðað nám, fjölbreyttar og skemmtilegar kennsluaðferðir.

ART er kennt einu í viku. Í ART tímum er kennd félagsfærni, reiðistjórnun og siðferði.

Íslenska 5. bekkur

Kennari: Árdís Jónsdóttir og Kjartan H. Ágústsson

Markmið: Sjá aðalnámskrá grunnskóla

https://www.google.com/search?q=a%C3%B0aln%C3%A1mskr%C3%A1+grunnsk%C3%B3la+2018&rlz=1C1GCEA_enIS856IS856&oq=a%C3%B0aln%C3%A1mskr%C3%A1+grunnsk%C3%B3la&aqs=chrome.3.69i57j0l5.13263j0j4&sourceid=chrome&ie=UTF-8

Kennsluhættir

Leitast verður við að hafa kennsluhætti sem fjölbreyttasta og grunnþættir menntunar, læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, jafnrétti, sköpun, lýðræði og mannréttindi, hafðir að leiðarljósi.

Nauðsynlegt er að nemendur lesi upphátt heima 5 sinnum í viku og kvittað sé fyrir í sérstakt hefti.

Kennari athugar vikulega hvort áberandi misbrestur sé á heimalestri og gerir þá athugasemdir. Kennari merkir inn á sérstakt blað hvenær nemendur lesa heima og blaðið fylgir með námsmati í vor. Nemendur lesa upphátt hjá kennara og stuðningsfulltrúa. Stefnt er að því að hafa svokallaðan PALS lestur einu sinni í viku og verða þeir í samkennslutímum. Pals þýðir „þör að lesa saman“. Tveir nemendur sem eru á svipuðu róli í lestri lesa þá saman í eins bókum og leiðbeina hvor öðrum. Kennari les líka fyrir börnin og segir þeim sögur. Alltaf er leitast við að útskýra orð sem líklegt er að nemendur skilji ekki. Kennari leggur inn ákveðin atriði og útskýrir, einstaklingsvinna, paravinna, hópvinna og umræður þar sem að allir fá að tjá sig og hlusti á aðra. Einnig vinna nemendur á stöðvum með mismunandi verkefnum og skrifa dagbók og sögur af og til. Lögð verður áhersla á skapandi ritun og ýmsar leiðir notaðar til þess t.d. myndir, eigin upplifanir, o.fl.

Nemendur fá einstaklingsmiðaða heimavinnu og mikilvægt er að skila henni á réttum tíma (einu sinni í viku).

Námsgögn

Orðspor textabók og vinnubók, Mál til komið, Málrækt 1, og Flökkuskinna, skrifarbækur/blöð, lestrarbækur við hæfi hvers og eins, stílabækur, Ljóðsprotar og aðrar ljóðabækur, margs konar efni af Netinu til útprentunar og gagnvirkt.

Kennslufyrirkomulag

Rúmar 7 kennslustundir (300 mín) á viku eru á stundaskrá 5. bekkjar, alla daga nema föstudaga. Samkennsla er með 6.-7. bekk 4 kennslustundir í viku eða 160 mín. Þá eru alltaf tveir kennarar með hópinn auk stuðningsfulltrúa.

Í samkennslutímunum verður PALS lestur og stöðvavinna.

Námsmat

Lestrarpróf frá Námsmatsstofnun þrisvar á skólaárinu auk prófa frá skólanum. Leiðsagnarmat allan veturinn. Kannanir í málfræði og stafsetningu og ýmiss konar ritunaræfingar, sjálfsmat.

Stærðfræði 5. bekkur.

Kennari: Helena Steinþórsdóttir og Halla Sigríður Bjarnadóttir

Markmið:

Sjá aðalnámskrá fyrir lok 7. bekkjar.

<http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/adalnamskra-grunnskola/>

Aðalviðfangsefni:

Heilar tölur, tugabrot, almenn brot, reikniaðgerðirnar fjórar, tölfræði, rúmfræði, mælingar, hnitakerfi og mynstur.

Námsgögn:

Stika 1a og Stika 1b. Stærðfræðiverkefni sem kennari útvegar og hentar hverjum og einum.

Kennsluhættir og fyrirkomulag:

5 kennslustundir á viku.

Nemendur vinna verkefni með öðrum nemendum á miðstigi skólans. Oftast eru þrír kennarar á svæðinu í einu og verður nemendum ýmist skipt í hópa eða vinna eftir sinni áætlun.

Miðast er við að hafa kennsluhætti sem fjölbreyttasta. Innlagnir eru þar sem við á og farið verður í námsleiki, þrautir, hópavinnu og kynningar á töflu þegar við á.

Námsefninu er skipt í nokkrar lotur og verða smápróf og lotupróf til að athuga skilning og gengi.

Námsmat:

Unnið er eftir markmiðum og er notað símat og kannanir.

Samfélagsfræði 5. bekkur

Kennarar: Halla Sigríður Bjarnadóttir og Kjartan H. Ágústsson

Markmið:

Sjá aðalnámskrá fyrir lok 7. bekkjar

<https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=f7d55056-989c-11e7-941c-005056bc4d74>

Aðalviðfangsefni:

Landafræði og saga

Námsgögn:

Evrópa, Sögueyjan

Vefefni og annað efni frá kennara

Kennsluhættir:

Nemendur vinna verkefni tengd efninu ýmist einir eða saman í hópum. Leitast er við að auka sjálfstæði nemenda í vinnubrögðum og þjálf þá í umræðum og efla gagnrýna hugsun. Leitast er við að mæta þörfum hvers og eins. Ekki er gert ráð fyrir að nemendur vinni alltaf sömu verkefni á sama tíma.

Á haustönn kennum við landafræði og notum bókina , Evrópa. Á vorönn notum við bókina Sögueyjan 2; Meginmarkmið bókarinnar er að varpa ljósi á íslenskt samfélag frá siðaskiptum fram til loka 19. aldar.

Annars vegar er gerð grein fyrir þróun íslensks samfélags í rétttri tímaröð. Hins vegar eru tilteknir þættir samfélagsins teknir fyrir og þeir útskýrðir.

Kennslufyrirkomulag:

Samfélagsfræði tímar eru mánudag, þriðjudag og fimmtudag 40 mín í senn.

Námsmat:

Leiðsagnarmat. Námsmat byggir á símati, sjálfsmati og gátlistum þar sem metnir eru þættir á borð við virkni, samvinnu, leikni og afkastagetu nemenda.

Náttúrufræði – 5. bekkur

Kennarar: Halla Sigríður Bjarnadóttir og Helena Steinþórsdóttir

Markmið:

Sjá aðalnámskrá fyrir lok 7. bekkjar

<https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=f7d55056-989c-11e7-941c-005056bc4d74>

Aðalviðfangsefni:

Lífvísindi, eðlisvísindi, jarðvísindi, umhverfismennt

Námsgögn:

Auðvitað bækur; Maðurinn, hugur og heilsa; Veraldarvefurinn, ýmsar fræðibækur sem tengjast efninu beint og fjölbreytt efni frá kennara.

Kennsluhættir:

Fyrirlestrar, stöðvavinna þar sem nemendur fá fjölbreytt verkefni sem tengjast efni vikunnar. Vinna í pörum og hópum eru ríkjandi aðferðir, eins verða unnin verkefni einslega.

Á haustönn er lífvísindi, eðlisvísindi og jarðvísindi, á vorönn er vísindavaka, eðlisvísindi, umhverfismennt og lífvísindi.

Kennslufyrirkomulag:

Náttúrufræði er kennd þrjá daga vikunnar ýmist 40 eða 60 mín. í senn.

Námsmat:

Vinnubók, verkefni og stuttar kannanir.

Lífsleikni/ART – 5.bekkur

Kennarar: Helena Steinpórsdóttir og Halla S. Bjarnadóttir

Markmið:

Að þjálfa góð samskipti við aðra og hvernig bregðast eigi við eigin tilfinningum.

Viðfangsefni:

Færniþættir, Reiðistjórnun og siðferði.

Námsgögn:

Mappa frá ART sem isart.is gefur út.

Tilfallandi aðstæður nýttar til kennslu.

Kennsluhættir:

Í lífsleikni verða haldnir bekkjarfundir þar sem að nemendur geta rætt við kennara sína og sín á milli um efni líðandi stundar. Einnig verður farið í efni sem styrkir nemendur varðandi sjálfstraust og skoðun þeirra á sjálfum sér.

Hver Art-tími hefst á ART kveðjunni. Í tímanum er farið í sýnikennslu, hlutverkaleiki, endurgjöf og yfirfærslu. Ný færni er kynnt til sögunnar eða siðferðisspurningar eru leystar. Nemendur gera heimaæfingar sem þeir segja frá í næsta tíma.

Kennslufyrirkomulag:

Ein kennslustund á viku í 40 mínútur.

Skólaípróttir - 5.bekkur

Kennari: Elin Moqvist

Markmið - Sjá Aðalnámskrá:

<http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/adalnamskra-grunnskola/>

Helstu viðfangsefni

Kennd verða undirstöðuatriði helstu íþróttagreina og leikir sem stunduð eru á Íslandi. Mikil áhersla er lögð á að nemendur auki sjálfstraust sitt, viljastyrk og áræði, sýni góða hegðun og þjálfist í samvinnu. Nemendur læra m.a. ýmis hugtök, reglur, skipulagsform, umgengni við áhöld og venjur í búningaklefa og öðlist einnig þekkingu á starfsemi líkamans í tengslum við hreyfingu og íþróttir. Áhersla er lögð á að þjálfá sköpun og tjáningu og auka heilbrigði nemenda.

Námsgögn - Unnið er með þau íþróttáhöld sem skólinn hefur afnot af og henta hverju sinni.

Kennsluhættir - Kennslan er fjölbreytt en hún fer aðallega fram í formi æfinga og leikja. Stundum er kennslunni beint til alls hópsins en oft til fárra í senn eða einstaklingsins. Fyrirkomulagið er margt konar, s.s. leikir, æfingar, stöðvabjálfun og hringbjálfun, hvort sem er með eða án áhalds.

Kennslufyrirkomulag - Bekkurinn fer í íþróttir 1x í viku í 80 mínútur í senn.

Kennsla fer að mestu leyti fram inni í íþróttasal í Árnesi. Í einhverjum tilfellum fer kennsla fram utandyra, aðallega að hausti og um vor.

Námsmat - Námsmat byggir á símati og gátlistum þar sem metnir eru þættir á borð við virkni, samvinnu, leikni og afkastagetu nemenda.

Sund - 5. bekkur

Kennari: Guðbjörg H. Bjarnadóttir

Markmið

Sjá Aðalnámskrá <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/adalnamskra-grunnskola/>

Aðal viðfangsefni

Í 5-7.bekk er aukin áhersla á heilsuuppeldi, líkamsvitund og upplifun nemandans á umhverfi sínu. Samhliða verklegri kennslu skal á markvissan hátt auka þekkingu nemenda á gildi hreyfingar til heilsuræktar og eigin mati á stöðu sinni. Áhersla skal einnig aukin á öryggisþætti og viðbrögðum við slysum í íþróttum og við sundiðkun.

Í skólasundi skal leggja megináherslu á leikniþætti og kennslu allra sundaðferða og byggja ofan á þann grunn sem fyrir er og gera nemendur þar með vel sundfæra. Aukin áhersla ætti einnig að vera á notkun vatnsins til heilsueflingar með margvíslegum æfingum bæði á sundi og við fjölbreyttar styrkjandi æfingar í vatninu þar sem það er notað sem mótstaða. Huga skal vel að verkefnum sem efla félags-, tilfinninga- og siðgæðisþroska nemenda.

Námsgögn

Unnið er með þau áhöld sem skólinn hefur afnot af og henta hverju sinni.

Kennsluhættir

Kennslan er fjölbreytt en hún fer aðallega fram í formi æfinga og leikja. Stundum er kennslunni beint til alls hópsins en oft til fárra í senn eða einstaklingsins. Fyrirkomulagið er margs konar, s.s. leikir, æfingar, stöðvabjálfun og hringbjálfun, hvort sem er með eða án áhalds.

Kennslu fyrirkomulag

- Nemendur eru í þremur aldursskiftum hópum.
- Kennst er 40 mín. í senn 1x í viku.
- Kennslan fer fram í Neslaug.
- Fyrsta þriðjudag hvers mánaðar fer kennsla hjá 6. og 7. bekk fram í sundlauginni Brautarholti.

Námsmat

Námsmat byggir á símati og gátlistum þar sem metnir eru þættir á borð við virkni, samvinnu, leikni og afkastagetu nemenda.

Útinám - 5. bekkur

Kennari: Elin Moqvist

Aðalviðfangsefni

Viðfangsefni þessara kennslustunda eru mjög fjölbreytt og snerta flestar aðrar námsgreinar. Mikilvægt er að nemendur öðlist tilfinningu fyrir umhverfi sínu og áhrifum náttúruafllanna á þeirra daglega lífi. Lögð verður sérstök áhersla á nánasta umhverfi skólans, náttúrulegt og manngert, árstíðirnar, veðurfar og hreyfingu. Mannleg samskipti, upplifun og félagsfærniþættir veða þungt og lögð er áhersla á að innræta sterkt og gott viðhorf til náttúrunnar, hollrar útivistar, hreyfingar og heilbrigði.

Námsgögn og kennsluhættir:

Kennslan fer að mestu leyti fram úti. Ýmist eru umræður og athuganir eða unnin verkefni og þrautir leystar. Nemendur vinna saman að öflun gagna, athugunum, prófunum, mælingum, úrvinnslu og kynningum.

Kennslufyrirkomulag:

Nemendur hljóta útinám í 40 mínútur 1x í viku.

Námsmat:

Fylgst er með færni og framförum einstaklingsins og lagt mat á það hvernig honum gengur að tileinka sér markmið og leiðir. Sjálfstæði og samvinna ásamt virkni eru þættir sem áhersla er lögð á.

Upplýsingamennt miðstig

Kennari: Helena Steinþórsdóttir

Markmið:

Sjá aðalnámskrá grunnskóla fyrir upplýsinga og tæknimennt:

<http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/adalnamskra-grunnskola/>

Aðalviðfangsefni: Ritun, upplýsingalæsi, ábyrg netnotkun, forritun og fingrasetning.

Námsgögn: Ýmis kennsluforrit á vef menntamálastofnunar. Office pakinn og netsvæði hvers og eins. Teams.

Kennsluhættir: Innlögn í upphafi tíma, nemendur vinna verkefni í tölvum. Kennsla fer einnig fram í öðrum námsgreinum t.d. við gerð glærusýninga og í ritun.

Kennslufyrirkomulag: Upplýsingatækni verður tekinn inn í stöðvar í öðrum tímum og fléttað saman við almenna kennslu þegar hentar. Einnig fer mikið nám fram í gegnum Teams.

Námsmat: Virknimat, þekking, leikni og hæfni viðmiða í aðalnámskrá.

Myndmennt - 5. bekkur

Kennari : Helena Steinþórsdóttir

Markmið:

Að nemandi: Geti nýtt sér grunnþætti myndlistar í eigin sköpun. Þekki hugtakið sjónarhorn og geti unnið með mismunandi sjónarhorn. Geti unnið mynd eftir fyrirmynd. Geti gert sér grein fyrir verðmæti efna sem unnið er með. Kynnist bæði íslenskum og erlendum listamönnum frá ýmsum tímum og verkum þeirra. Kynnist litafræði og litablöndun. Geti gengið frá verkefnum, efnum og áhöldum. Læri að þekkja eiginleka hvers miðils fyrir sig. Horfi á umhverfi sitt og þjálfist í að notfæra sér það sem hann uppgötvar. Þekki möguleika línunnar og vinni með hana á markvissan hátt. Geti lýst munnlega/skriflega skoðun sinni á myndverki.

Námsgögn:

Unnið verkefni úr bókinni: „Ég sé með teikningu“ og hugmyndum sem fundnar eru á netinu.

Námsmat:

Símat kennara sem einkum felur í sér eftirfarandi þætti: áhuga, samviskusemi, elju, sjálfstæði, skapandi vinnubrögð og frágang.

Kennsluhættir:

Hugmynd af verkefni er kynnt fyrir nemendum sem unnið er eftir. Ýtt er undir sköpunargleði hvers og eins og stutt við hugmyndir sem koma til nemenda við sköpunina.

Kennslufyrirkomulag:

Myndmennt er kennd einu sinni í viku.

Hönnun og smíði - 5.bekkur

Kennari: Lilja Loftsdóttir

Markmið:

Sjá aðalnámskrá:

<http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/adalnamskra-grunnskola/>

Aðalviðfangsefnin eru:

Nemendur smíða hlut úr efni úr skóginum í Þjórsárdal. Einnig verða unnin verkefni úr ýmsu öðru efni þar sem nýsköpunarkennsla fléttast inn. Lögð er áhersla á að nemendur þjálfist í að geta unnið út frá teikningum og læri að velja rétt verkfæri hverju sinni.

Námsgögn:

Smíði eftir Árna Árnason, Búa Kristjánsson og Ólaf Ólafsson
Ljósrit frá kennara
Veraldarvefurinn
Verkefni í nýsköpun

Kennsluhættir:

Stundum er kennslunni beint til alls hópsins en oft til einstaklingsins. Nemendur eru hvattir til að sýna frumkvæði og vera sjálfstæðir í vinnubrögðum.

Kennslufyrirkomulag:

5.bekkur verður 9.vikur í smíði einu sinni í viku 150.mín í senn

Námsmat:

Þættir eins og hæfni í notkun áhalda,frágangi , vandvirkni og frumkvæði eru metnir.

Textílmennt – 5. bekkur

Kennari: Árdís Jónsdóttir

Markmið: Sjá aðalnámskrá fyrir lok 7. bekkjar.

<https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/frettatengt2016/Adalsnamskra-grunnskola-3.-utg.-2016.pdf>

Aðal viðfangsefni: prjón, hekl, útsaumur, skreytingar, hönnun, þæfing með nál og notkun saumavélar. Áhersla lögð á endurnýtingu og sköpun. Haldið er áfram með verkefni frá fyrra skólaári sé þeim ekki lokið.

Námsgögn: blöð, bækur og efni á netinu.

Kennsluhættir: Bein kennsla kennara, auk þess notuð myndbönd af vefnum, t.d. youtube þar sem ýmiss konar textílvinna er sýnd í smáatriðum. Kennari leggur inn grunnþætti sem nemendur nýta til að vinna sjálfstætt og beiti sköpunargáfu og frumkvæði í verkefnum. Nemendur velja sér verkefni í samráði við kennara og leitast er við að allir hafi ánægju af vinnunni. Þegar gengið hefur verið frá verkefnum eru þau til sýnis í holi skólans um tíma.

Kennslufyrirkomulag: Á stundaskrá eru 185 mínútur vikulega í 9 vikur og er miðstiginu skipt í 3 átta manna hópa.

Námsmat: Símat, leiðsagnarmat, sjálfsmat. Eftir hverja kennslustund metur kennari ákveðna þætti hjá nemendum, t.d. frumkvæði, vandvirkni, vinnusemi, hegðun og frágang í skólastofu. Námsmat í lok annar byggist á þessum skráningum.

Kennari myndar öll verkefni sem nemandi vinnur þannig að nemendur geta skoðað hvað þeir hafa fengist við í textíltímum.

Heimilisfræði - 5. bekkur

Kennari: Karen Óskarsdóttir

Markmið - Sjá aðalnámskrá grunnskóla fyrir heimilisfræði:

<https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=f7d55056-989c-11e7-941c-005056bc4d74>

Helstu viðfangsefni

Ávextir og grænmeti

- Vatn

- Næringarefni

- Umhverfisvernd

- Eldhúsáhöld

Námsgögn – Gott og gagnlegt, fyrir 5. bekk

Kennsluhættir - Verklegar æfingar. Umræður

Kennslufyrirkomulag - Heimilisfræði er kennd einu sinni í viku 65 mínútur í senn í 8 skipti.

Námsmat - Fylgst er með færni og framförum nemandans og lagt mat á það hvernig honum gengur að tileinka sér markmið og leiðir. Sjálfstæði og samvinna ásamt virkni eru þættir sem áhersla er lögð á.

Enska miðstig

Kennari: Helena Steinþórsdóttir og Halla S. Bjarnadóttir

Markmið:

Sjá markmið í Aðalnámskrá grunnskóla fyrir ensku:

<http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/adalnamskra-grunnskola/>

Aðal viðfangsefnin eru:

Að tjá sig á ensku og bjarga sér í daglegu lífi t.d. í verslun, ferðalögum og í spjalli við jafnaldra.

Áhugasvið nemenda tekið fyrir t.d. íþróttir, gæludyr ofl.

Námsgögn:

Efni frá kennara.

Léttlestrarbækur, teiknimyndir, útprentað námsefni, gagnvirkt efni og kennsluforrit af veraldarvefnum, orðabækur, spil, leikir og söngvar.

Kennsluhættir:

Kennt verður í lotum og verður vinnan þematengd. Inn í þemun verða tengd verkefni sem þjálfari atriði sem nefnd eru í aðalnámskrá og verður unnið með hvert viðfangsefni á fjölbreyttan hátt.

Áhersla er lögð á að byggja jákvætt viðhorf til tungumálsins og skapa aðstæður sem örva nemendur til þess að nota málið á einfaldan hátt.

Helstu kennsluaðferðir eru einstaklingsnám, samvinnunám, paravinna, hópvinna, stöðvavinna og leikræn tjáning.

Kennslufyrirkomulag:

3 kennslustundir á viku. Miðstigi er kennt saman og unnið verður í hópum og á stöðvum. Nemendur með svipaða getu verða saman á stöðvum og þannig er hægt að skoma til móts við þarfir allra, sama hver geta þeirra er.

Námsmat:

Leiðsagnarmat, hópamat, sjálfsmat, hugarkort og kannanir.

Tónmennt - 5. bekkur

Kennari: Guðmundur Pálsson

Markmið

<http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/adalnamskra-grunnskola/>

- Í 5. bekk er stefnt að því að nemendur geti sungið smám saman flóknari lög sem kennari setur fyrir; íslensk sönglög, dægurlög gömul og ný, íslensk sem og erlend.
- Séu búin að læra helstu grunnatriði í tónfræði eins og lengdargildi nótna að geti lesið vel úr þeim. Einnig um tónhæðir á nótnastreng og áttundatónstigi eru kynntur í C-dúr. Áframhald að læra um ítalskar tónlistarmerkingar.
- Geti unnið sjálfstætt ein og/eða í hópum að þeim verkefnum sem kennari setur fyrir, einkum úr bókum sem fræða nemendur um ýmiskonar tónlistarmenningu.

Námsleiðir

- Nemendur vinna með og upplifa tónlist í gegnum söng, hlustun og, hljóðfæranotkun
- Nemendur semja tónlist og vinna með hljóðfall og laglínur í gegn um sköpunina.
- Nemendur greina efnisþætti tónlistar sem þau hlusta á.
- Með hljóðum sem líkaminn býður upp á, skólahljóðfærum og öðrum hljóðgjöfum vinnum við með þrástef.

Námsefni

Það er gaman að hlusta á framandi tónlist. Það er gaman að hlusta á hermitónlist. Sígild tónskáld. Kvikmynd; Amadeus, ritskoðuð. Myndir, tákni, geisladiskar og skólahljóðfæri. Námsefni á vefnum. Lög sungin aðalega úr bókinni Syngjandi skóli og Nýjir skólasöngvar.

Námsmat

Byggir á virkni, hegðun og þátttöku í tímum. Umsögn gefin í lok hvernna annar.